

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, austursvæði, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 4. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, austursvæði.

Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 með síðari breytingum.

Breytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðis um 150 ha og verður 178 ha eftir breytingu. Breytingar innan skipulagssvæðis fela meðal annars í sér að:

2 iðnaðarlóðir bætast við norðan Katanesvegur.

Katanesvegur nr. 2 verður Katanesvegur nr. 6. Tvær lóðir bætast við vestanmegin og verða Katanesvegur nr. 2 og 4.

Lóð spennistöðvar verði skilgreind sem Katanesvegur nr. 6a.

Hafnargata nr. 1 og 3 og Katanesvegur nr. 8 sameinast í eina lóð, Katanesveg nr. 8.

Lóð norðanmegin við Hafnargötu 1 breytist í 3 lóðir, Katanesveg nr. 10 og Hafnargötu nr. 5 og 7.

Lóðir nr. 2, 4 og 6 við Katanesveg breytast í 2 lóðir nr. 12 og 14 við Katanesveg.

Kerbrotagryfja (flæðigryfja) er fullnýtt og hefur henni verið lokað.

Ný aðkoma inn á lóð Norðuráls er skilgreind austarlega á lóð fyrirtækisins.

Lagnaleið vestan Katanesvegur 12 er breikkuð í 5 m.

Skilgreindur er nýr gangstígur meðfram strönd, austanmegin lóða við Katanesveg nr. 12 og 14.

Skilgreind er tæplega 6 ha stækkun á athafnasvæði hafnar (AH) á fyllingu neðan Katanesvegur þar sem skilgreind landnotkun er hafnir (H).

Skilgreindar eru 4 iðnaðarlóðir, að hluta til á fyllingu, austur af hafnarsvæðinu.

Skilgreindar eru nýjar götur, (Vestursker/Austursker) sem tengist Katanesvegi.

Skilgreind er framlenging Katanesvegur til austurs og umhverfis Katanestjörn.

Skilgreindar eru 6 nýjar lóðir fyrir hafnsækna iðnaðarstarfsemi.

Skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir fyrir hafnsækna athafnastarfsemi.

Skilgreindar eru gönguleiðir meðfram Katanestjörn og strönd svo og göngutengingar á milli opinna svæða.

Skilgreindar eru jarðvegsmanir til afmörkunar iðnaðarsvæðis gagnvart náttúruverndarsvæði við strönd.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 16. mars 2015,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2015